



STAKSTEINAR

Nú reynir á

Vef-þjóðviljinn bendir á, að auðvitað sé „miklu skemmtilegra fyrir fólk á hugmyndafræðilega háum hesti að vera í stjórnarandstöðu.

Ríkisstjórnarþátttaka krefst þess nær óhjákvæmilega að þynna þarf einhver þarftumál út með stefnumálum samstarfsflokka.



Í stjórnarandstöðu er þetta ekki vandamál. Þar er hægt að halda sig við helstu hugsjónir, vera reiður alla daga, draga fána Sovétríkjanna að húni á sellufundum og baka kommatertu.

Út á við virðast Vinstri græni ekki tilbúin til ríkisstjórnarsamstarfs með Sjálfstæðisflokki. Það er líklega órjúfanlegur hluti af því að vera reiður og baka Sovétríkjunum.

En á hinn bóginn má spyrja hvort svikin við reiðina og stefnuna verði nokkru sinni meiri og verri en gerðist í hreinu vinstristjórninni á árunum 2009-2013.

Má til dæmis nefna Dreka, Bakka, Icesave, ESB og loftárásir á Lfðu?

Það er ólíklegt að Sjálfstæðisflokki tækist á fjórum árum að fitja upp á jafn mörpum og svæsum málum gegn stefnu Vinstri grænna og gert var á árum hreinu vinstristjórnarinnar.

Á þessu hljóta forystumenn Vinstri grænna að átta sig en treysta sér kannski ekki til að tala um fyrir fólkinn sem skreytir kökurnar sínar með hamri og sigð.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni <http://mbl.is/mogginn/leidar/>

VEÐUR KL. 12 Í DAG



Veður víða um heim 15.11., kl. 18.00

Reykjavík	1	skydda
Bolungarvík	2	skyja
Akureyri	1	snjófl
Nuuk	-4	lettiskýjað
Þórshöfn	8	regn
Oslo	0	heískirt
Kaupmannahöfn	7	ský
Stokkhólmur	3	ský
Helsinki	0	snjófl
Lúxemborg	4	poka
Brüssel	11	ský
Dubjín	11	skýjað
Glasgow	11	skýjað
London	14	regn
Paris	11	ský
Amsterdam	12	ský
Hamborg	8	ský
Berlín	3	ský
Vín	0	heískirt
Moskva	-5	snjócoma
Algarve	20	heískirt
Madrid	16	heískirt
Barcelona	14	heískirt
Malíorca	16	lettiskýjað
Róm	15	heískirt
Apna	12	skyjað
Winnipeg	5	lettiskýjað
Montreal	6	skýjað
New York	8	regn
Chicago	7	poka
Orlando	18	heískirt

16. nóvember	Sólaruppris	Sósetur	Tímabil
REYKJAVÍK	10:02	16:24	
ISAFJÖRÐUR	10:27	16:09	
SKGLUFJÖRÐUR	10:11	15:51	
DJÚPPÖGUR	9:36	15:49	

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2016, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. nóvember 2016 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2016, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oltugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tejkjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálayfirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlags kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum krófum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuárræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2016

Tollstjóri  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi  
Sýslumaðurinn á Vestfirðum  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi  
Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/Stýrnir: Kári Öktober 2015 Samkomulag næst um bætt vinnubrögð við samninga.

Skrifa háskólamenn undir Salek?

Taka stöðuna í Salek-hópnum í vikunni

„Það yrði mjög forvitnilegt fyrir okkur og BSRB ef BHM myndi nú skrifa undir rannsamkomulagið [um Salek-samstarfið],“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, en Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, sagði á málþingi í seinustu viku að bandalagið vildi halda áfram vinnu á vettvangi Salek-hópsins. Engin ástæða væri til að sitja með hendur í skauti.

Hvorki BHM né Kennarasamband Íslands skrifuðu undir rannsamkomulagið um Salek í fyrra en þau stóðu hins vegar að samkomulaginu um jöfnun lfeyrisréttinda í september. Það samkomulag er nú í uppnámi þar sem það hefur ekki verið lögfest og tóku heildarsamtökin sem standa að Salek-hópnum þá ákvörðun í byrjun október að ekki yrði af frekara samstarfi hópsins fyrr en niðurstaða lægi fyrir um jöfnun lfeyrisréttinda. Þrátt fyrir það ætla þeir sem að hópnum standa að koma saman í þessari viku. Gylfi segir að ákveðið hafi verið að hittast til að taka stöðuna.

„Það væri mjög skýr afstaða háskólamanna ef þeir myndu fara inn í rannsamkomulagið og hið sama má segja um kemara,“ segir Gylfi. Hann segir ekkert sem útiloki að BHM geti samið sig að rannsamkomulaginu með samningi við ríkið þrátt fyrir gerðardóminn frá í ágúst 2015, sem er enn í gildi. „Það hlýtur að vera næsta skref hjá þeim,“ segir Gylfi.